

Alþingi

Erindi nr. P 139/062

31.3.2011

Umsögn um Þskj. 326 – 283. mál - Náttúrugripasáttmáli Íslands á Selfoss

Almennt um þingsályktunartillöguna

Það er í sjálfu sér góðra gjalda vert að þingmenn vilji gera gangskör í því að gera Náttúruminjasafn Íslands sýnilegt almenningi – bæði íbúum landsins og erlendum ferðamönnum – enda til vansa að því markmiði Náttúrufræðifélags Íslands frá 1889 hafi ekki enn verið náð.

Sú nálgun sem gert er ráð fyrir í þingsályktunartillögunni hefur tvo megin vankanta. Annars vegar er gert ráð fyrir uppbyggingu stórs miðlægs safns sem hefur í för með sér talsverðan stofnkostnað, en ljóst er að fjárhagslegar ástæður liggja m.a. að baki því að safninu hefur ekki verið komið í sýningarhæft ástand enn sem komið er. Hinn megin gallinn á hugmyndinni snýr að því að tengsl safnsins við viðfangs sitt – íslenska náttúru – verða ekki eins virk og æskilegt væri með því að staðsetja það í einu miðlægu safni.

Árið 2009 unnu Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga (AP) og Þekkingarsetur Þingeyinga (nú Þekkingarnet Þingeyinga) (ÞP) greinargerð um rekstur og hýsingu Náttúruminjasafns Íslands í samstarfi safna/sýninga, stofnana og sveitarfélaga. Megin atriði þeirrar hugmyndafræði sem þar er lögð til grundvallar felst í því annars vegar að gera safnið aðgengilegt sem flestum íbúum landsins og erlendum ferðamönnum og hins vegar að styrkja tengsl safnsins við viðfang sitt – íslenska náttúru – með því að staðsetja mismunandi sýningar þess vítt og breitt um landið.

Auk þess faglega ávinnings sem í þessu fyrirkomulagi felst liggur verulegur fjárhagslegur ávinningur í því einnig. Þannig sparast verulegir fjármunir í stofnkostnaði við að koma upp stóru sýningarrými á einum stað og þess í stað er sú ágæta sýningaraðstaða sem finna má víða um land betur nýtt. Þá skapar þetta fyrirkomulag svigrúm til þess að koma fjárhagslega betur til móts við þegar starfandi söfn og sýningar og efla þar með mikilvæga starfsemi um land allt.

Við vinnslu greinargerðarinnar á sínum tíma var m.a. haft samband við Jón Gunnar Ottósson, forstöðumann Náttúrufræðistofnunar Íslands, sem sá ekkert því til fyrir stöðu að sýningar Náttúruminjasafnsins væru staðsettar annars staðar en höfuðstöðvar stofnunarinnar sjálfrar. Nefna má í þessu samhengi að samstarf stofnunarinnar og Hvalasafnsins á Húsavík er í raun frumútgáfa þess fyrirkomulags sem má hugsa sér um sýningarhald Náttúruminjasafns Íslands.

Eru nefndarmenn og þingmenn allir sérstaklega hvattir til þess að kynna sér efni og hugmyndafræði greinargerðarinnar sem fylgir umsögn þessari og er einnig aðgengileg á [http://atthing.is/files/Greinarger%C3%B0%20N%C3%A1tt%C3%BAruminjasafn%20C3%8Dslands\\_1159588499.pdf](http://atthing.is/files/Greinarger%C3%B0%20N%C3%A1tt%C3%BAruminjasafn%20C3%8Dslands_1159588499.pdf)

Lagt er til að efni þingsályktunarinnar verði breytt í þá veru að mennta- og menningarmálaráðherra skipi snarlega nefnd til þess að fjalla um og hrinda í framkvæmd þeirri hugmyndafræði sem gerð er grein fyrir í greinargerð AP og ÞP frá 2009.

28. mars 2011

  
Reinhard Reyfisson, framkvæmdastjóri Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga hf.

9/1

Alþingi  
Erindi nr. Þ 139/1883  
komudagur 14.2011

Akureyri 29. mars 2011

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8 - 10  
150 Reykjavík

Stjórn Eyþings hefur fengið til umsagnar frá menntamálanefnd Alþingis **tillögu til þingsályktunar um uppbyggingu Náttúrugripasafns Íslands á Selfossi, 283. mál.** Stjórnin samþykkti eftirfarandi:


Stjórn Eyþings vekur athygli á greinargerð sem unnin var af Atvinnuþróunarfélagi Þingeyinga og Þekkingarsetri Þingeyinga árið 2009 um rekstur og hýsingu Náttúruminjasafns Íslands í samstarfi safna/sýninga, stofnana og sveitarfélaga.

Megin atriði þeirrar hugmyndafræði sem þar er lögð til grundvallar felast í því annars vegar að gera safnið aðgengilegt sem flestum íbúum landsins og ferðamönnum og hins vegar að styrkja tengsl safnsins við viðfang sitt – íslenska náttúru – með því að staðsetja mismunandi sýningar þess vítt og breitt um landið.


Auk þess faglega ávinnings sem í þessu fyrirkomulagi felst liggur verulegur fjárhagslegur ávinningur í því einnig. Þannig sparast verulegir fjármunir í stofnkostnaði við að koma upp stóru sýningarrými á einum stað og þess í stað er sú ágæta sýningaraðstaða sem finna má víða um land betur nýtt. Þá skapar þetta fyrirkomulag svigrúm til þess að koma fjárhagslega betur til móts við þegar starfandi söfn og sýningar og efla þar með mikilvæga starfsemi um land allt.

Þingmenn eru sérstaklega hvattir til þess að kynna sér efni og hugmyndafræði greinargerðarinnar sem fylgir umsögn þessari og er einnig aðgengileg á [www.atthing.is](http://www.atthing.is) eða á [www.hac.is](http://www.hac.is)

f.h. stjórnar Eyþings



Pétur Þór Jónsson  
framkvæmdastjóri



# NÁTTÚRUMINJASAFN ÍSLANDS

REKSTUR OG HÝSING NÁTTÚRUMINJASAFNS  
ÍSLANDS Í SAMSTARFI SAFNA/SÝNINGA,  
STOFNANA OG SVEITARFÉLAGA Á ÍSLANDI

GREINARGERÐ

JÚNÍ 2009

Júní 2009

Ábyrgð:

Starfshópur fulltrúa safna, sýninga, rannsókn-  
og þróunarstofnana í Þingeyjarsýslu

Forsíðumyndir:

Heimir Harðarson (hnúfubakur áSkjálfanda)  
Helgi Arnar Alfreðsson (strýta í Tjörneslögum)  
Þorkell Lindberg Þórarinnsson (slæðumý við Mývatn)  
Pétur Bjarni Gíslason (Óðinshani á Mývatni)  
Þekkingarsetur Þingeyinga

Vinnsla skýrslu:

Þekkingarsetur Þingeyinga - Óli Halldórsson  
Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga - Sif Jóhannesdóttir

## **SAMANTEKT**

Náttúruminjasafn Íslands starfar eftir lögum nr. 35/2007. Til þessa hefur ekki verið komið upp hentugu húsnæði undir safnið. Safnið hefur verið rekið í bráðabirgðahúsnæði við Hlemm í Reykjavík um árabíl og safnkostur þess verið á hrakhólum. Þar er nú engin sýning á vegum Náttúruminjasafns Íslands.

Hugmynd sú sem hér er kynnt snýst um að starfrækja Náttúruminjasafn Íslands með dreifðum hætti með höfuðsetur á Húsavík. Aðrar sýningar á vegum safnsins yrðu settar upp í samstarfi við sýningar- og rannsóknarstarfsemi á völdum stöðum á landinu þar sem horft væri til styrkleika og sérstöðu hvers staðar eða landsvæðis. Safnahúsið á Húsavík myndi hýsa „aðalinnangang“ Náttúruminjasafns Íslands auk skrifstofa og yfirlitssýningu með fræðslu og kynningu fyrir safnið. Sýningastarfsemi safnsins yrði staðsett á fleiri stöðum í samstarfi við einstök söfn og sýningar sem flest eru þegar í rekstri. Nálægð við ýmsar náttúruperlur, villt dýralíf og náttúrufyrirbæri gefur gríðarleg tækifæri til að auka á upplifun og fræðslu í tengslum við safnið.

Mikilvæg forsenda fyrir rekstri Náttúruminjasafns Íslands er náíð samstarf við Náttúrufræðistofnun Íslands. Sú hugmynd sem hér er kynnt byggir á því að viðhalda því samstarfi og efla í samstarfi við náttúrufræðistofnanir í héraði.

Fjárhagslega munar mest um það að hægt verður að koma starfseminni af stað og gera safnið sýnilegt án þess að fara út í kostnaðarsamar nýbyggingar í upphafi.

Í lögum um Náttúruminjasafn Íslands er hvorki kveðið á um ákveðna staðsetningu Náttúruminjasafns Íslands né að sýningar safnsins þurfi allar að vera undir einu þaki.

### Ávinningur:

#### *Fyrir Náttúruminjasafn Íslands*

- Lögbundin markmið safnsins uppfyllt með sóma strax á árinu 2010.
- Faglegur styrkur fyrir lágmarks tilkostnað.

#### *Fyrir ríkissjóð/þjóðina*

- Afar hagkvæmur kostur við rekstur/stofnun – ENGIN nýbyggingarþörf í fyrstu skrefum.
- Einu af þremur höfuðsöfnum þjóðarinnar komið í sterkan, faglegan farveg til framtíðar.
- Úrlausn langvarandi vanda við rekstur og sýningarhald Náttúruminjasafns Íslands.
- Raunhæf og sterk aðgerð í atvinnumálum landsbyggðar með lágmarksumróti.
- Hvert landsvæði eða staður fær tækifæri til að vinna með sína styrkleika og efla þá starfsemi sem þegar er til staðar í sýningar- og rannsóknarstarfsemi.

#### *Fyrir þingeyjarsýslu og önnur svæði*

- Efling safna og –sýningastarfsemi innan héraðs.
- Efling rannsóknastofnana og samstarfs þeirra, innan og utan héraðs.
- Atvinnusköpun í héraði, sem byggir á styrkleikum og innviðum svæðisins.

<b>INNGANGUR</b> .....	<b>2</b>
<b>UM NÁTTÚRUMINJASAFN ÍSLANDS</b> .....	<b>3</b>
<b>HUGMYNDAFRÆÐI NÁTTÚRUMINJASAFNS Á 21. ÖLDinni</b> .....	<b>4</b>
<b>3. NÁTTÚRUMINJASAFN ÍSLANDS Í ÞINGEYJARSÝSLU</b> .....	<b>5</b>
3.1 REKSTRARFORM.....	5
3.2 SÝNINGAR OG ÖNNUR MIÐLUN.....	6
3.3 FRÆÐSLA .....	6
3.4 ÞJÓNUSTA VIÐ FERÐAMENN.....	6
<b>4. SAMSTARFSADILAR OG -STOFNANIR</b> .....	<b>8</b>
4.1. NÁTTÚRUFRAEÐISTOFNUN ÍSLANDS.....	8
4.2 SAFNAHÚSIÐ Á HÚSAVÍK .....	8
4.3 NÁTTÚRUSTOFA NORÐAUSTURLANDS .....	9
4.4 NÁTTÚRUFRAEÐISTOFA KÓPAVOGS .....	9
4.5 VATNAJÖKULSPJÓÐGARÐUR - GLJÚFRASTOFA .....	9
4.6 SELASETUR ÍSLANDS .....	9
4.7 HVALASAFNIÐ Á HÚSAVÍK.....	10
4.8 FUGLASAFN SIGURGEIRS VIÐ MÝVATN.....	10
4.9 FREKARI MÖGULEIKAR Á SAMSTARFI.....	10
4.9 ÖNNUR SÖFN OG SÝNINGAR Í ÞINGEYJARSÝSLU.....	11
4.10 SVEITARFÉLÖG .....	12
<b>5. NÁTTÚRUMINJASAFN ÍSLANDS, HÖFUÐAÐSETUR Í ÞINGEYJARSÝSLUM</b> .....	<b>13</b>
5.1 UPPBYGGING .....	13
5.2 STOFN- OG REKSTRARKOSTNAÐUR .....	13
5.3 ÁVINNINGUR .....	14



## INNGANGUR

Í ársbyrjun 2009 kom sú hugmynd upp að athuga möguleika á því að flytja höfuðstöðvar Náttúruminjasafns Íslands til Húsavíkur og reka sýningar þess í Þingeyjarsýslu. Þekkingarsetur Þingeyinga (Óli Halldórsson) hafði forgöngu um að kalla saman þá aðila í héraðinu sem málið varðar í febrúarmánuði. Síðan þá hafa forstöðumenn safna- og sýningastarfsemi í Þingeyjarsýslu, Þekkingarsetur Þingeyinga og Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga fundað reglulega.

Náttúruminjasafn Íslands starfar eftir lögum nr. 35/2007. Til þessa hefur ekki verið komið upp hentugu húsnæði undir safnið, en það hefur verið rekið í bráðabirgðahúsnæði við Hlemm í Reykjavík um árabili. Sýningin þar hefur nú verið tekin niður.

Í Þingeyjarsýslu hefur á síðasta áratug verið að byggjast upp öflug starfsemi safna og sýninga, ekki síst á sviði náttúrufræða. Á sama tíma hefur rannsóknastarfsemi í náttúrufræðum aukist mikið í gegnum rannsóknastofnanir á Húsavík og við Mývatn. Þá hefur samstarf verið um árabili milli safna og náttúrufræðistofnana á Húsavík við Náttúrufræðistofnun Íslands, aðallega í formi ráðgjafar og náttúrufarsrannsókna. Þessi gróska er ekki takmörkuð við Þingeyjarsýslu, því víða um land hefur verið unnið metnaðarfullt rannsóknar- og sýningarstarf á sviði náttúrufræða.

Mjög góðar aðstæður eru til að starfrækja höfuðsetur Náttúruminjasafns Íslands í Þingeyjarsýslu. Þar er mikil nálægð við ýmsar náttúruperlur, villt dýralíf og náttúrufyrirbæri. Sú nálægð gefur gríðarleg tækifæri til að auka á upplifun og fræðslu í tengslum við safnið. Verði höfuðsetri Náttúruminjasafns Íslands valinn staður á Húsavík með tengingu við sýningar víða um landið opnast miklir möguleikar í þróun á sýningarstarfsemi með beintengingu við náttúruna. Mikilvægt er að byggja áfram á nánú samstarfi við Náttúrufræðistofnun Íslands, sem fræðilegum bakhjarli Náttúruminjasafnsins. Ætla má að með þátttöku og tilkomu náttúrufræðistofnana og fræðastofnana í héraði við hlið Náttúrufræðistofnunar skapist raunar forsendur til að byggja enn frekar upp fræðilegar stoðir Náttúruminjasafnsins.

Ef valin yrði þessi leið yrði eitt af þremur höfuðsöfnum landsins með höfuðstöðvar á landsbyggðinni og sýningar víða um land. Það yrði til mikilla hagsbóta fyrir land og þjóð ekki síst fyrir fræða- og sýningarstarfsemi á landsvísu.



## UM NÁTTÚRUMINJASAFN ÍSLANDS

Náttúrugripasafn Íslands, höfuðsafn þjóðarinnar í náttúrufræðum var stofnað árið 1889. Safnið hefur frá stofnun flakkað á milli húsa, fyrstu áratuginna var það til húsa í heimahúsum, verslunar- og skólabyggingum í Vesturbænum. Árið 1908 flutti safnið að Hverfisgötu (núverandi Þjóðmenningarhús), þar var safnið til 1960. Segja má að á því tímabili hafi safnið átt sinn blómatíma, en árið 1946 var slegið aðsóknarmet að Íslensku náttúrugripasafni þegar um 15 þúsund manns heimsóttu safnið. Árið 1947 var menntamálaráðuneytinu afhent safnið til eignar, en gjöfinni fylgdi m.a. það skilyrði að nýtt safnahús yrði reist. Á árunum 1960 til 1967 var safnið lokað vegna skorts á húsnæði. Það opnaði aftur árið 1967 í bráðabirgðahúsnæði við Hlemm, en sýningin hefur nú verið tekin niður. Á annan tug nefnda hafa fjallað um húsnæðismál safnsins, nokkrar teikningar verið gerðar og mörgum byggingarlóðum verið úthlutað undir byggingu náttúruminjasafns.<sup>1</sup> Safnkostur Náttúruminjasafnsins, sem jafnframt eru vísindasöfn Náttúrufræðistofnunar, hefur einnig verið á hrakhólum og lent í skakkaföllum. Skemmst er að minnast þess þegar yfir 2000 fuglasýnum, smáhval og minni sýnum var hent eftir að rafmagn fór af frystiklefum árið 2006. Í desember sama ár komst raki í sýningarsali við Hlemm þegar vatnslögn sprakk og vatn lak milli hæða.

Í lögum sem tóku gildi 2001 var í fyrsta sinn kveðið á um heitið Náttúruminjasafn Íslands og að það skuli vera eitt af höfuðsöfnum Íslands. En það var ekki fyrr en með sériögum um safnið sem tóku gildi í mars 2007 sem sú staða safnsins varð raunveruleg.

Í lögum um Náttúruminjasafn Íslands nr. 35 2007 segir um hlutverk safnsins:

Hlutverk Náttúruminjasafns Íslands er að varpa ljósi á náttúru Íslands, náttúrusögu landsins, nýtingu náttúruauðlinda og náttúruvernd, auk þess að varpa ljósi á samspil manns og náttúru og á náttúru landsins í alþjóðlegu samhengi.<sup>2</sup>

Ennfremur skal Náttúruminjasafn safna munum, skrá og varðveita, safna upplýsingum sem veita yfirlit yfir náttúru Íslands og nýtingu náttúruauðlinda. Safnið skal „...annast kynningu með sýningum og annarri fræðslustarfsemi með það að markmiðið að veita sem víðtækasta sýn á Íslenska náttúru“<sup>3</sup> Safnið hefur víðtækt fræðsluhlutverk og annast rannsóknir á sínu starfssviði. Náttúruminjasafn Íslands skal starfa í nánu samstarfi við Náttúrufræðistofnun Íslands samkvæmt samkomulagi stofnananna.

Í lögnum er hvorki kveðið á um ákveðna staðsetningu Náttúruminjasafns Íslands né að sýningar safnsins þurfi allar að vera undir einu þaki.

Menntamálaráðherra skipar forstöðumann Náttúruminjasafns Íslands, safnstjóra til fimm ára í senn. Safnstjóri er stjórnandi safnsins og mótar stefnu þess. Núverandi safnstjóri er Helgi Torfason, en hann var skipaður í það embætti í maí 2007.

Á fjárlögum 2009 er Náttúruminjasafni Íslands úthlutað 26,9 milljónum til reksturs.

<sup>1</sup> Hilmar J. Malmquist, Morgunblaðið 27. desember 2006

<sup>2</sup> Lög nr. 35 27. mars 2007, 2. gr.

<sup>3</sup> Lög nr. 35 27. mars 2007, 2. gr.

## HUGMYNDAFRÆÐI NÁTTÚRUMINJASAFNS Á 21. ÖLDinni

Í kjölfar iðnvæðingarinnar, nýlendustefnunnar, þróun stórborga og meintra óstöðvandi framfara í vísindum og tækni urðu Náttúrugripasöfnin til (e. Natural Museum). Á þessum tíma var náttúrunni stillt upp sem andstæðu menningarinnar. Náttúran var því manninum fjarlæg og andstæð og ef hún bærði á sér í einstaklingunum voru þeir taldir dýrlegir og ósamboðnir menningunni. En náttúran var jafnframt það sem bar að ná tökum á, beisla og stjórna. Náttúran var hiutgerð, sem gefin manninum til að ráðskast með. Af þessu meiði spretta náttúrugripasöfnin: Stór, mikilfengleg hús, þar sem deyddum og uppstoppuðum dýrum var stillt upp í samræmi við hugmyndir mannanna um þær: Tígrisdýrið í árásarstillingu. Í raun sjálfupphafning mannsins gagnvart náttúrunni.

Svo virðist sem margir Íslendingar setji sama-sem-merki milli öflugs Náttúruminjasafns sem rækir lögboðnar skyldur sínar og mikilfenglegrar byggingar miðsvæðis í höfuðborg landsins. Raunin er hins vegar sú að þetta tvennt hefur á 21. öldinni lítið með hvað annað að gera, þó stórt og gott hús geti styrkt stofnunina í að ná markmiðum sínum. Að minnsta kosti hluti þessa skilnings á sér sögulegar rætur, þ.e. til uppruna náttúrugripasafna í iðnvæðri menningu vesturlanda á 19. öld. Þessi sterka tenging milli höfuðsafns og mikilfenglegrar byggingar er áhugaverð í menningarsögulegu samhengi, þar sem hún sýnir hvernig mennirnir hugsuðu um náttúruna. En innanhússýning er aðeins einn þáttur fræðslu um náttúruna á 21. öldinni.

Í upplýsingasamfélagi samtímans vitum við að tengsl manns og náttúru eru nánari og órjúfanlegri heldur en 19. aldar hugmyndafræði iðnvæðingarinnar gerði ráð fyrir. Við vitum að forsenda þess að læra að þekkja náttúruna er að fara út í hana og uppgötva og rannsaka, ekki sem eitthvað sem tilheyrir öðrum heimi, heldur sem eitthvað samofið okkur í fortíð, nútíð og framtíð. Lögin um safnið frá 2007 endurspeglja þessa afstöðu þegar hlutverk þess er lýst svo: „...að varpa ljósi á náttúru Íslands, náttúrusögu landsins, nýtingu náttúruauðlinda, og náttúruvernd, auk þess að varpa ljósi á samspil manns og náttúru og náttúru landsins í alþjóðlegu samhengi.“<sup>4</sup>

Það er ljóst að sýning gripa Náttúruminjasafns Ísland í mikilfenglegu húsi á mikilvægum stað í Reykjavík uppfyllir ekki hlutverk safnsins. Þar með er ekki sagt að slíkt hús væri óæskilegt, einungis að það er ekki eini eða mikilvægasti hlekkurinn í að standa við hlutverk safnsins. Rétt er að náttúrugripasýningar verði ein af stöðunum í fræðslu- og rannsóknarhlutverki safnsins ásamt öðrum stöðum á borð við margmiðlunar- og kennsluefni fyrir skóla, virkt rannsóknarstarf, útikennslu og fyrirlestrahald. Til þess þarf ekki fyrst og fremst stórt hús, heldur virkt rannsóknar- og miðlunarstarf. Þannig megi betur uppfylla hlutverk og skyldur Náttúruminjasafns Íslands.

<sup>4</sup> Lög nr. 35, 27. mars 2007, 2.gr. (skáletrun okkar).

### 3. NÁTTÚRUMINJASAFN ÍSLANDS Í ÞINGEYJARSÝSLU

#### 3.1 Rekstrarform

Hugmynd þessi byggir á þeirri forsendu að Náttúruminjasafn Íslands verði rekið í nánú samstarfi iykilaðila á sviði safna og sýninga á landsvísu með höfuðstöðvar á Húsavík. Gert er ráð fyrir því að hýsa stjórnun safnsins og nokkurs konar „aðalinngang“ þess í húsnæði Safnahússins á Húsavík. Þar yrði sett upp yfirlitssýning með grunnfræðslu um starfsemi og gripi Náttúruminjasafns Íslands ásamt því að skrifstofur safnsins (forstöðumanns/afgreiðsla) yrðu hýstar þar. Hægt væri að samreka afgreiðsiu og e.f.v. aðra praktíska verkþætti ef til þess stæði vilji með Safnahúsinu á Húsavík.

Náttúruminjasafn Íslands yrði samkvæmt núgildandi lögum, áfram sjálfstæð stofnun, sem stýrt yrði frá Húsavík ef farið verður að þessari hugmynd. En hún stangast þó engan vegin á við effirfarandi tillögu sem fram kemur í ársskýrslu Náttúrufræðistofnunar Íslands 2008: „Til greina kemur að mati Náttúrufræðistofnunnar að sameina stofnanirnar aftur, en halda sýningarstarfinu og meginverkefnum þess sem aðskildri og sjálfstæðri rekstrareiningu líkt og gert var ráð fyrir við setningu laga um Náttúrufræðistofnun árið 1992.“<sup>5</sup>. Þarna er áhersla lögð á að halda sýningarstarfinu sem aðskildri einingu, sem fellur einkar vel að hugmynd um sýningar- og fræðslustarf með höfuðstöðvar í Þingeyjarsýslu. Náíð samstarf yrði haft við aðila sem standa að náttúruminjasýningum á landsvísu. Má þar nefna svæðisbundin náttúruminjasöfn, t.d. á Akureyri og á Bolungarvík, sérsöfn t.d. Fuglasafn Péturs í Mývatnssveit og sýningar sem náttúrutengd setur standa fyrir, t.d. Selasetrið. Gerðir yrðu tímabundnir samstarfssamningar við þessar stofnanir eða félag um sýningar einstakra þátta, eftir áherslu Náttúruminjasafns (forstöðumanns/stjórnar) hverju sinni. Sem dæmi mætti útfæra sýningu um hvali og sjávarspendýr í samstarfi við Hvalasafnið á Húsavík, sérsýningu um seli hjá Selasetri Íslands og fuglasýningar í samstarfi við Fuglasafn Sigurgeirs í Mývatnssveit. Í þeim samningum verður að byggja á gagnkvæmum hag Náttúruminjasafnsins og viðkomandi safns/sýningar, m.a. þannig að alla sýnisgripi mætti kynna og sýna undir merkjum Náttúruminjasafnsins burtséð frá eignarhaldi á þeim. Þannig gæti eignarhald sýnisgripa verið með misjöfnum hætti, f.a.m. ýmist í eigu Náttúruminjasafnsins sjálfs, Náttúrufræðistofnunar Íslands og svo svæðisbundnu safnanna/sýninganna sem eiga munu samstarf við Náttúruminjasafnið um einstakar sýningar. Á þennan hátt væri hægt að nýta sem best og efla svæðisbundna uppbyggingu í Náttúruminjasýningum. Náttúruminjasafn Íslands veitti faglega ráðgjöf um sýningu efnis og gerði kröfur um gæði þeirra sýninga sem settar væru fram í nafni safnsins.

Náttúrufræðistofnun Íslands myndi, eins og lög um Náttúruminjasafn Íslands segja til um, annast að verulegu leyti rannsóknarstarfi safnsins. Einnig myndi Náttúrufræðistofnun Íslands að einhverju leyti sinna þeim verkefnum sem eru skv. lögum um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur 60/1992 þau sömu og Náttúruminjasafni Íslands ber að sinna sem höfuðsafn. Samstarf þessara stofnana hlýtur m.a. að fjalla um skipulagningu á þeim atriðum s.s. varðveislu náttúrugripa, uppbyggingu á gagnasafni með heimildum um íslenska náttúru, gerð og útgáfa korta. Samstarfið þarf að vera vel skilgreint og skipulagt. Tryggja þarf að sá mikli mannaúður sem starfar hjá Náttúrufræðistofnun, Náttúrufræðisetrum og Náttúrustofum nýtist sem allra

<sup>5</sup> Ársskýrsla Náttúrufræðistofnunar Íslands 2008, bls. 7.

best. En á hinn bóginn geti starfsmenn Náttúruminjasafns Íslands sérhæft sig og nýtt þá fjármuni sem safninu eru úthlutaðir í metnaðarfullt sýningar- og fræðslustarf.

### **3.2 Sýningar og önnur miðlun**

Þeim leiðum sem söfn og sýningar hafa til miðlunar hefur fjölgað gríðarlega á síðustu áratugum með tilkomu tölvutækninnar og veraldarvefsins. Þessir nýju möguleikar gera það að verkum að miðlun er ekki lengur jafn háð húsrými og tíma. Safn getur miðlað allan sólarhringinn til einstaklinga og hópa út um allan heim. Því ætti að leggja mikinn þunga nú þegar á að byggja upp gagnabanka og vefumhverfi fyrir Náttúruminjasafn Íslands. Sú vinna tekur langan tíma og er á engan hátt háð því að sýningarstarf sé hafið innan safnsins, en stefna safnsins verður að liggja til grundvallar. Með því að koma þeirri vinnu sem fyrst af stað og vinna með sýningum sem þegar eru starfræktar væri hægt að brúa það bil sem óneitanlega myndast þangað til settar hafa verið upp veglegar sýningar á vegum safnsins sjálfs. Þá vinnu er hægt að vinna á Húsavík, eða í samstarfi þeirra aðila sem hér myndu starfa á vegum safnsins og sérfræðinga hvar sem er á landinu í miðlun og fræðslu á veraldarvefnum.

### **3.3 Fræðsla**

Fræðsluhlutverkið er stór þáttur í starfsemi höfuðsafns. Það hlutverk verður að hluta til rækt í gegnum vefsvæði Náttúruminjasafnsins, en með nútímatækni eru möguleikarnir nánast ótæmandi. Skólar hafa mjög takmarkað fjármagn til vettvangsferða og væri ánægjuleg þróun ef fræðslan færi að miklu leyti fram í gegnum netið. Þá væri hægt að nýta fjármagn sem hugsað er í vettvangsferðir í ferðir út í náttúruna til að upplifa hana. Með því að byggja upp öfluga fræðslu á netinu þá hefðu líka allir nemendur og aðrir áhugasamir landsmenn jafnan aðgang að þeirri fræðslu sem safnið býður upp á. Að auki væri hægt að ganga til samninga t.d. við Náttúrufræðistofu Kópavogs um að vera með sýningu og fræðslu sem væri sérstaklega hugsuð fyrir nemendur frá leikskóla upp í framhaldsskóla og almenningsfræðslu. Náttúrufræðistofa Kópavogs flutti árið 2002 í nýtt húsnæði í Hamraborg. Þar er mjög góður sýningarsalur og stofnunin hefur staðild að metnaðarfullu fræðslu- og rannsóknarstarfi. Hvað fræðslu á háskólastigi varðar þá er í flestum tilfellum um rannsóknarvinnu að ræða sem fer fram í samstarfi við Náttúrufræðistofnun Íslands.


### **3.4 Þjónusta við ferðamenn**

Ferðamenn bæði innlendir og erlendir eru stór hluti þeirra gesta sem sækja söfn heim. Á hverju ári streymir gríðarlegur fjöldi ferðamanna í Þingeyjarsýslur gagnert til að skoða náttúruna og taka þátt í náttúrutengdri afþreyingu. Kannanir Rannsóknir og ráðgjöf ferðapjónustunnar (RRF) sýna að á árunum 2001-2005 komu í kringum 35% Íslendinga í Þingeyjarsýslur á hverju ári. Áætlað er að 95 þúsund Íslendingar hafi haft viðkomu í Þingeyjarsýslum árið 2005. Þar af komu um 62 þúsund í Mývatnssveit, 52 þúsund á Húsavík, 33 þúsund að Goðafossi, 22 þúsund að Dettifossi og að 30 þúsund Íslendingar hafi lagt leið sína í Ásbyrgi.

Samkvæmt könnunum RRF komu 50-55% erlendra sumarferðamanna eitthvað í Þingeyjarsýslur árin 2003 til 2007. Áætlað er að 122 þúsund erlendir ferðamenn sem komu til landsins með flugi eða ferju árið 2007 hafi komið í

Mývatnssveit. Jafnframt að 96 þúsund erlendir ferðamenn hafi komið til Húsavíkur, 95 þúsund að Dettifossi, 53 þúsund í Ásbyrgi, 20 þúsund að Öskju. Að Mývatni má svo bæta við farþegum með skemmtiferðaskipum, s.s. 20-30 þúsund manns, og einnig umtalsverðum fjölda síkra gesta til Húsavíkur og í Ásbyrgi. (Rögvaldur Guðmundsson. Ferðamenn í Þingeyjarsýslum 2001-2007).

Af þessum tölum má sjá að gríðarlegur fjöldi innlendra og erlendra ferðamanna heimsækir Þingeyjarsýslu til að kynna náttúruperlum svæðisins. Náttúran er það sem dregur erlenda ferðamenn helst til Íslands, en væntanlega heimsækja flestir þeirra Reykjavík, til að njóta náttúrunnar. Staðsetning Náttúruminjasafns Íslands, með höfuðstöðvar í Þingeyjarsýslu og sýningar víða um land gefur ferðamönnum færi á að heimsækja sýningu og ná sér í fræðslu í næsta nágrenni við viðfangsefnið sjálft, þar sem skírskotunin er sterkust. Reykjavík hefur upp á það fjölbreytta afþreyingarmöguleika að bjóða að ætla má að þar væri staða Náttúruminjasafn ekki eins sterk.



#### 4. SAMSTARFSADILAR OG -STOFNANIR

Eins og fram hefur komið er eitt af grundvallaratriðum þeirrar hugmyndar sem hér er kynnt, að byggja upp samstarfsnet ýmissa aðila á landsvísu. Fjölmargar stofnanir og félag koma til greina í því samhengi. Hér verður gerð grein fyrir nokkrum þeirra. Þetta er alls ekki tæmandi upptalning og ekki hefur verið haft samband við forsvarsmenn allra þessara aðila.


##### 4.1. Náttúrufræðistofnun Íslands

Mikið og gott samstarf við Náttúrufræðistofnun Íslands er grundvöllur þess að byggja upp öflugt sýningar- og fræðslustarf Náttúruminjasafnsins. Gildir þar einu hvar slíkt safn er rekið og með hvaða hætti. Ekki verður séð að staðsetning sýninga eða stjórnunar Náttúruminjasafns Íslands skipti máli hvað þetta samstarf varðar. Um árabíl hefur mikið samstarf verið milli Náttúrufræðistofnunar Íslands annars vegar og sýninga og rannsóknastofnana víða um land hins vegar. Á Húsavík hefur Hvalasafnið verið byggt upp með nánú samstarfi við Náttúrufræðistofnun Íslands, m.a. með framlagi starfsliðs Náttúrufræðistofnunar við faglega vinnu innan safnsins. Um árabíl hefur verið samstarf um náttúrufarsrannsóknir milli Náttúrufræðistofnunar Íslands og Náttúrustofu Norðausturlands. Sama gildir um samstarf Náttúrufræðistofnunar og Náttúrurannsóknastöðvarinnar við Mývatn. Ætla má að auðvelt væri að byggja og efla samstarf Náttúrufræðistofnunar Íslands við Náttúruminjasafn Íslands, sem staðsett yrði norðan heiða.

##### 4.2 Safnahúsið á Húsavík

Á Húsavík hefur Safnahús verið rekið í stóru sérbyggðu húsnæði um áratugaskeið. Menningarmiðstöð Þingeyinga rekur Safnahúsið, en hún er sjálfseignarstofnun sem sveitarfélög héraðsins frá Bakkafirði í austri til Vaðlaheiðar í vestri standa í sameiningu að. Þessi sveitarfélög eru: Norðurþing, Skútustaðahreppur, Þingeyjarsveit, Langanesbyggð, Tjörneshreppur og Svalbarðshreppur. Í Safnahúsinu á Húsavík er rekið náttúrugripasafn, sjóminjasafn og byggðasafn auk héraðsskjala-, myndlistar- og ljósmyndasafna. Í húsnæði safnsins er bókasafn Norðurþings á einni hæð, en um langt skeið hefur verið stefnt að því að færa það í annað húsnæði. Í Safnahúsinu er til staðar fagþekking og reynsla í uppbyggingu og rekstri safna.

Safnahúsið á Húsavík myndi hýsa „aðalinnangang“ Náttúruminjasafns Íslands. Með endurskipulagningu húsnæðiskosts Menningarmiðstöðvar Þingeyinga væri hægt að koma slíku fyrir strax án nýbyggingar.



Safnahúsið á Húsavík. Vinstra megin er nýbygging sem hýsir nú sjóminjasafn. Hægra megin er samtengd aðalbyggingin.

#### **4.3 Náttúrustofa Norðausturlands**

Náttúrustofa Norðausturlands sem staðsett er á Húsavík var stofnuð þann 27. ágúst 2003 og tók til starfa 1. október sama ár. Sérsvið Náttúrustofunnar er á sviði fuglarannsóknna ásamt almennri dýravistfræði. Stofan sér um ýmis konar vaktanir á dýralífi á starfssvæði sínu. Má þar nefna vöktun vatnafugla á votlendissvæðum í Þingeyjarsýslum utan Mývatns og Laxár, farfuglavöktun við Öxarfjörð, sjófuglavöktun á Norðausturlandi og fiðrildavöktun í Þjóðgarðinum í Jökulsárgljúfrum. Náttúrustofan sinnir einnig ýmsum þjónusturannsóknum en útseld þjónusta er mikilvægur þáttur í starfsemi hennar. Leitað hefur verið til stofunnar með náttúrufarsúttektir og ráðgjöf t.a.m. í tengslum við mat á umhverfisáhrifum framkvæmda. Náttúrustofan veitir fræðslu um náttúrufræði og umhverfismál og hefur gjarnan tekið þátt í námskeiðahaldi á því sviði. Einn starfsmaður Náttúrustofunnar er menntaður kennari. Náttúrustofan er sveitarfélögum og náttúruverndarnefndum á Norðausturlandi til ráðgjafar um náttúruvernd. Einnig er stofan Umhverfisstofnun og stjórnvöldum ráðgjafaraðili um náttúruverndarmál á starfssvæði sínu.

#### **4.4 Náttúrufræðistofa Kópavogs**

Náttúrufræðistofa Kópavogs var opnuð í desember 1983. Hlutverk Náttúrufræðistofunnar er að safna, varðveita og sýna náttúrugripi, standa að fræðslu og rannsóknum í náttúrufræðum og stuðla að náttúru- og umhverfisvernd. Náttúrufræðistofan hefur aðsetur í safnahúsinu við Hamraborg í Kópavogi þar sem það deilir húsnæði með Bókasafni Kópavogs. Náttúrufræðistofan heldur úti áhugaverðri sýningu á safngripum sínum og á vandaðri vefsíðu stofunnar er m.a. hægt að nálgast góðar upplýsingar um safnið.

#### **4.5 Vatnajökulsþjóðgarður - Gljúfrastofa**

Í reglugerð um Vatnajökulsþjóðgarð 1. kafla annarri grein, segir: „Markmið með friðlýsingu Vatnajökuls og helstu áhrifasvæða hans sem þjóðgarðs er að vernda náttúru svæðisins, s.s. landslag, lífríki og jarðmyndanir, og menningarminjar þess. Auk þess að gefa almenningi kost á að kynnst og njóta náttúru svæðisins, menningar þess og sögu. Í þjóðgarðinum skal veita fræðslu um náttúru og náttúruvernd, sögu, mannlíf og menningarminjar svæðisins og stuðla að rannsóknum til að efla þekkingu á þessum þáttum.“

Gestastofa þjóðgarðsins á norðursvæði, Gljúfrastofa, er í Ásbyrgi. Þar er hægt að nálgast allar upplýsingar um þjóðgarðinn og nágrenni hans, gönguleiðir, náttúrufar, sögu, þjónustu og afþreyingu. Gljúfrastofa er opin frá 1. maí til 30. september. Utan þess tíma er þar opið effir samkomulagi. Starfsmenn þjóðgarðsins bjóða skipulagðar gönguferðir og sérstök dagskrá er fyrir börn.

#### **4.6 Selasetur Íslands**

Selasetur Íslands var stofnað formlega þann 29. apríl 2005. Að stofnuninni stóðu áhugasamir einstaklingar um eflingu sjálfbærrar ferðaþjónustu í Húnaþingi vestra. Eitt af markmiðum Selaseturs Íslands er að efla rannsóknir á selum og náttúrutengdri ferðaþjónustu, bæði í Húnaþingi vestra og víðar. Ýmis smærri verkefni hafa verið unnin af setrinu hingað til, en ætlunin er að koma á fót tveimur rannsóknarstöðum við setrið innan þriggja ára, annars vegar á sviði selarannsóknna og hins vegar á sviði náttúrutengdrar ferðaþjónustu. Selasetrið stendur fyrir fræðslu- og listasýningum árið um kring.

#### **4.7 Hvalasafnið á Húsavík**

Hvalasafnið á Húsavík var stofnsett 1997 og gegnir lykilhlutverki í fræðslu og upplýsingamiðlun um hvali og lífríki þeirra hér við land ásamt því að veita almennar upplýsingar um málefni er varða hvali og samskipti manna og hvala, s.s. sögu hvalveiða og hvalaskoðunar. Hvalasafninu er einnig ætlað að safna upplýsingum, sögum, gögnum og gripum sem tengjast markmiðum safnsins ásamt því að stuðla að rannsóknum á hvölum án þess að skaða þá. Þá er safninu ætlað að verka og varðveita beinagrindur af hvölum sem festast í veiðarfærum eða stranda við Ísland eftir því sem ástæða þykir til eða aðstæður leyfa. Safnið skal einnig leitast við að miðla almennri fræðslu um lífríki sjávar og umgengni við náttúruna.

#### **4.8 Fuglasafn Sigurgeirs við Mývatn**

Fuglasafn Sigurgeirs opnaði sýningu sumarið 2008 í nýbyggðu sýningarhúsnæði við Neslönd í Mývatnssveit. Gríðarlega metnaðarfullt starf var unnið í uppbyggingu á því safni þar sem fagmennskan var höfð í fyrirúmi. Tilgangur Fuglasafns Sigurgeirs er að sýna, safna, varðveita, skrá og rannsaka fugla. Einnig að sýna bátinn Sleipni og hvernig menn nýttu Mývatn sér til framdráttar. Rannsóknir á fuglum og eggjum verða að mestu gerðar í samstarfi við Náttúrurannsóknarstöðina við Mývatn. Nýting Mývetninga á Mývatni er skoðuð með tilliti til veiða, dúns og eggjatöku. Safnið er sett upp á áhugaverðan og aðgengilegan hátt fyrir almenning. Það starfar eftir mótaðri söfnunar- og sýningarstefnu sem miðar að því að efla þekkingu, skilning og áhuga almennings á fuglum, fuglalífi og hvernig Mývetningar nýttu Mývatn. Safnmunir eru skráðir eftir viðurkenndri aðferð og varðveittir og forvarðir eftir bestu getu.

#### **4.9 Frekari möguleikar á samstarfi**

Á síðustu árum hefur ýmsum rannsóknar- og sýningarverkefnum á sviði náttúrvísinda verið hleypt af stokkunum. Verkefnin eru mislangt komin í því ferli að verða fullburða sýning eða rannsóknarstofnun. En í mörgum þessara verkefna felast möguleikar til samstarfs um sýningar á vegum Náttúruminjasafns Ísland. Sá möguleiki gæti jafnframt orðið til að efla enn frekar vöxt og framgang þessara verkefna. Hér verður stuttlega gerð grein fyrir nokkrum þessara verkefna.

##### **Skjálftasetrið Kópaskeri**

Sumarið 2008 opnaði „forsýning“ í Skjálftasetrinu á Kópaskeri, í raun opið hús þar sem fólk gat skoðað og komið með innlegg í sýningu í vinnslu. Fyrir sýningunni stendur Félag áhugafólks um jarðskjálftasetur á Kópaskeri. Sýningin byggir á einstæðum jarðfræðilegum aðstæðum og merkri sögu í tengslum við jarðskjálfta. Sýningin mun gera jarðfræðinni, flekaskilum og eldvirkni góð skil. Jafnframt verður lögð áhersla á að safna heimildum tengdum upplifun heimamanna af jarðskjálftum, með sérstakri áherslu á „Kópaskersskjálftann 1976“. Eitt af markmiðum félagsins er að byggja upp gönguleiðir um Kópasker og nágrenni þar sem gestum gefst tækifæri til að skoða vegsummerki um jarðhræringarnar.

##### **Garðarshólmur**

Að verkefninu Garðarshólmur standa Norðursigling og sveitarfélagið Norðurþing. Í Garðarshólmi verður fræðlusýning sem byggir á



tveimur meginþemum. Annað þeirra er norræn menning og saga. Hitt meginþemað er samspil búsetu og vistkerfis við þraun velmegunar og menningar, ris og hnignun samfélaga. Nálgun Garðarshólms verður þverfagleg og áhersla verður lögð á að skoða viðfangsefnið frá mismunandi sjónarhornum. Sýningin í Garðarshólmi mun með margmiðlunartækni birta nýjustu þekkingu á viðfangsefnum setursins á hverjum tíma. Fyrir liggur samningur við sveitarfélagið Norðurþing um langtímaafnot af svokölluðum Verbúðum á hafnarsvæðinu. Afnot af 400 fermetra efri hæð eru tryggð og vilyrði eru fyrir öllu húsnæðinu í framtíðinni eða tæpum 900 fermetrum. Staðsetning Verbúðanna tryggir góða tengingu við hafnarsvæðið og miðbæinn. Stefnt er að opnun sýningarinnar á Húsavík árið 2011.

#### **Melrakkasetur**

Melrakkasetur er fræðasetur sem helgað er íslenska melrakkanum sem er af tegundinni *Alopex lagopus* og er eina upprunalega landspendýrið á Íslandi. Melrakkasetur Íslands ehf. var stofnað í Súðavík 15. september 2007 og meðal stofnfélaga eru einstaklingar, fyrirtæki og sveitarfélög. Þessir aðilar eiga það sameiginlegt að hafa áhuga á íslensku tófunni og öllu sem henni viðkemur, svo og náttúrulífs- og sögutengdri ferðabjónustu. Langtímamarkmið með stofnun setursins eru að safna saman á einn stað allri þekkingu, efni og hlutum sem tengjast melrakkanum í fortíð og nútíð. Að setja upp sýningu fyrir ferðamenn þar sem verður á boðstólum fræðandi efni í máli og myndum um reif í náttúrunni, hérlendis sem erlendis, refarækt og refaveiðar.

#### **4.9 Önnur söfn og sýningar í Þingeyjarsýslu**

Í Þingeyjarsýslu er mikil flóra safna og sýninga, sem sum hver tengjast augljóslega Náttúruminjasafni en önnur hafa e.t.v. ekki eins augljósa tengingu en engu að síður áhugaverða. Sú tenging er sérstaklega áhugaverð sé horft til þess hlutverks Náttúruminjasafns Íslands að fjalla um nýtingu náttúruauðlinda og samspil manns og náttúru. Þar gæti komið til viðtækt samstarf Náttúruminjasafnsins og þessara aðila þar sem lögð væri áhersla á að draga fram þessa þætti í sérsýningum, sýningarhlutum og viðburðum. Þess má geta að á vordögum 2009 verður stofnað til formlegs samstarfs aðila sem standa að sýningum og söfnum á Norðausturlandi. Sem dæmi um hugsanlega slíka samstarfsaðila má nefna:

- Steingervingasafnið, Hallbjarnarstöðum. Á Tjörnesi má finna jarðlög sem ekki eiga sinn líka hérlendis eða erlendis. Þar er til merkt steingervingasafn, sem lengi var til sýnis á Hallbjarnarstöðum en sýningin hefur ekki verið rekin undanfarin ár.
- Byggðasöfn eru rekin í Safnahúsinu á Húsavík, að Grenjaðarstað í Aðaldal og á Kópaskerj. Byggðasöfnin eru ekki beintengd náttúruminjasafni. Hins vegar er þar verið að gera grein fyrir menningu þess tíma þegar maðurinn lifði í mun nánara sambandi við náttúruna og mikið til af munum sem tengjast sambúð manns og náttúru.
- Sjóminjasafnið á Húsavík, er rekið í sérhannaðri nýbyggingu við Safnahúsið á Húsavík. Þar er sambúð manns og náttúru í öndvegi sem og nýting náttúruauðlinda.

- Svartárkot menning/náttúra, á mörkum öræfa og mannabyggða í Svartárfelli í Bárðardal er unnið að uppbyggingu fræðaseturs. Ætlunin er að byggja upp alþjóðlegt rannsókn- og fræðasetur, þar sem eitt af meginviðfangsefnum verður sambúð manns og náttúru. Sumarið 2008 var rekin sýningin „Útilegumenn í Ódáðahrauni – goðsögn eða veruleiki“ í tengslum við Svartárfellsverkefnið í Kíðagili.
- Hið Íslenska reðasafn, er eitt af þekktustu og sérstæðustu söfnum landsins og þó víða væri leitað. Hið Íslenska reðasafn telur nú 204 reði og reðurhluta af nálega öllum land- og sjávarspendýrum hinnar íslensku fánu.
- Gestastofa Umhverfisstofnunar í Mývatnssveit hýsir sýningu um náttúru Mývatns og nágrennis. Gestastofan er rekin af Umhverfisstofnun í tengslum við verndarsvæði Mývatns og Laxár.
- Hið Þingeyyska fornleifafélag undirbýr og framkvæmir fornleifaskráningu og fornleifarannsóknir í Þingeyjarþingi og skapar styrkari forsendur fyrir menningartengdri ferðamennsku í Þingeyjarþingi. Félagið starfar náið með Fornleifastofnun Íslands sem annast vísindalega ráðgjöf og framkvæmd skráninga og rannsókna á vegum félagsins. Hið Þingeyyska fornleifafélag hefur sambúð manns og náttúru frá upphafi Íslandsbyggðar að viðfangsefni.

#### 4.10 Sveitarfélög

Aðkoma sveitarfélaga að verkefninu eins og það er kynnt í þessari greinargerð er nauðsynleg. Þótt fyrst um sinn séu ekki ráðgerðar nýbyggingarframkvæmdir sem útheimta skipulagbreytingar og lóðaveitingar er líklegt að sveitarfélögin muni koma að verkefninu með ýmsum hætti.

Sveitarfélögin hafa í mörgum tilvikum komið að rekstri þeirra safna og sýninga í héraðinu sem greint hefur verið frá hér að framan með beinum eða óbeinum hætti. Þar kemur til sameiginlegur rekstur Menningarmiðstöðvar Þingeyinga (sem m.a. rekur byggðasöfn héraðsins), rekstrarframlög til sýninga/safna, lóðaúthlutun og almennur pólitískur stuðningur.

Við vinnslu þessarar greinargerðar (mars 2009) hafa sveitarstjórar og/eða oddvitar sveitarfélaga í héraðinu lýst afdráttarlausum stuðningi við verkefnið. Sveitarfélögin sem um ræðir eru:

- Norðurþing
- Þingeyjarsveit
- Skútustaðahreppur
- Tjörneshreppur
- Langanesbyggð
- Svalbarðshreppur

## **5. NÁTTÚRUMINJASAFN ÍSLANDS, HÖFUÐAÐSETUR Í ÞINGEYJARSÝSLUM**

### **5.1 Uppbygging**

Unnið verður að uppbyggingu Náttúruminjasafns Íslands í Þingeyjarsýslu út frá nokkrum grunnatriðum:

Boðið verði upp á metnaðarfulla og yfirgripsmikla náttúrugripasýningu, byggða á þeim stöðum sem fyrir eru í sýslunni og landinu öllu. Þannig geti sýningin verið landí og þjóð til sóma án þess að lagt sé út í kostnaðarsama nýbyggingu í upphafi.

Kjarni Náttúruminjasafn Íslands verður til að byrja með í Safnahúsinu á Húsavík. Þar er hægt að setja upp sýningu með því að breyta skipulagi innan safnsins. Starfsemi sérsýninga sem vinna með einhver af sviðum Náttúruminjasafnsins verður efla m.a. með fræðilegri aðkomu starfsmanna safnsins. Með uppbyggingu út frá þessari hugmynd verður til heildstætt net sýninga sem teygir sig yfir landið og gefur á þann hátt gestum tækifæri til að upplifa náttúruna sjálfa í beinum tengslum við sýningarnar. Hafi gestir hins vegar í huga að öðlast yfirsýn yfir náttúru landsins gætu þeir látið duga að heimsækja grunnsýninguna eða kynnt sér það efni sem aðgengilegt verður á heimasíðu stofnunarinnar. Mikil áhersla verður lögð á gæði sýninganna sem safninu tengjast og gæði þjónustu og fræðslu á hverjum stað fyrir sig.

Samhliða þessari uppbyggingu verði unnið að gerð miðlægs gagnagrunns sem aðgengilegur verði á nefinu. Við Menningarmiðstöð Þingeyinga hefur verið unnið mikið frumkvöðlastarf í skráningu menningarminja landfræðileg upplýsingakerfi með GIS tækni. Þá tækni og þekkingu væri einnig hægt að nýta við uppbyggingu á gagnagrunni fyrir Náttúruminjasafn Íslands.

Unnið verður út frá fjölpættu hlutverki Náttúruminjasafns Íslands, sem samkvæmt lögum um Náttúruminjasafn Íslands frá 2007 skal varpa ljósi á náttúru Íslands, náttúrusögu landsins, nýtingu náttúruauðlinda, náttúruvernd, samspil manns og náttúru og á náttúru landsins í alþjóðlegu samhengi. Þverfagleg aðkoma fræðimanna er nauðsynleg til að hægt sé að sinna þessu hlutverki. Hér hefur verið sýnt fram á gríðarlega fjölbreytni í rannsókn- og fræðastarfi í Þingeyjarsýslum og sama máli gegnir um sýningarstarfsemi sem þegar er til staðar. Einnig hefur verið gerð grein fyrir möguleikum á að byggja upp net sýninga á vegum Náttúruminjasafns Íslands víða um landið. Þannig myndast tækifæri til að efla þá starfsemi sem þegar er til staðar á landsvísu og ýta undir að unnið sé með svæðisbundna sérstöðu.

Á Norðausturlandi er rík hefð í samstarfi milli stofnanna bæði innan héraðs og á landsvísu. Má þar m.a. nefna gott og náið samstarfs Náttúrustofu Norðausturlands, þekkingarseturs Þingeyinga, Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga, Menningarmiðstöðvar Þingeyinga, Hvalasafnsins, þekkingarseturs Þingeyinga, Búgarðs og Landgræðslunnar.

### **5.2 Stofn- og rekstrarkostnaður**

Mest munar um að ekki verður nýbyggingarþörf við færslu Náttúruminjasafnsins í Þingeyjarsýslu. Hægt verður að slá á frest kostnaðarsömum nýbyggingum á dýrum lóðum á höfuðborgarsvæðinu.

Lágur kostnaður við stofnun og rekstur Náttúruminjasafns Íslands mótast að miklu leyti af þeirri miklu samlegð sem næst með því að staðsetja safnið og reka innan veggja Safnahússins á Húsavík og í nánú samstarfi við sýningar og söfn sem þegar eru rekin og hýst.

Stofnkostnaður verður því í lágmarki hver sem nákvæm útfærsla þessarar hugmyndar verður.

Í framtíðinni, við breyttar efnahagsaðstæður, eru miklir möguleikar á stækkun rýmis fyrir Náttúruminjasafn Íslands í Þingeyjarsýslu. Á Húsavík er mjög góð byggingarlóð á reit Safnahússins á Húsavík og eins eru góðir stækkunarmöguleikar í hverri og einni sýningu sem starfa mun með safninu. Ætla má að kostnaður við nýbyggingu yrði lægri á Húsavík og í Þingeyjarsýslu en á höfuðborgarsvæðinu. Þar koma til skipulagsmál og lægri lóðakostnaður. Í einhverjum tilvikum lægri byggingakostnaður líka.

Á fjárlögum 2009 var Náttúruminjasafni Íslands úthlutað 26,9 milljónum. Miðað við efnahagsástæður er ekki við því að búast að fjárveitingar verði hækkaðar verulega á næstu árum. Hugmyndin um Náttúruminjasafn Íslands með höfuðstöðvar í Þingeyjarsýslu og sýningar í samstarfi við söfn og sýningar víða um land, gengur út að ekki verði farið út í dýrar framkvæmdir í byrjun. Þrátt fyrir það verði starfsemi safnsins sýnileg og virk. Sá sýnileiki verði með uppbyggingu á nokkurs konar gátt í Safnahúsinu á Húsavík, samstarfi við aðrar sýningar og uppbyggingu á vegum stofnunarinnar.

Möguleg skipting á fjárframlagi 2010 miðað við lítillega hækkun á fjárframlagi, eða 30 milljón króna framlagi til Náttúruminjasafns Íslands:

Laun, launakostnaður og skrifstofa ..... 15 milljónir

Samstarf við safnahúsið og aðrar sýningar ..... 11 milljónir

Uppsetning á vef stofnunarinnar ..... 4 milljónir

---

Samtals ..... 30 milljónir

Nánari útfærsla á rekstrarkostnaði verður gerð síðar og að höfðu samráði við ráðuneyti og forsvarsaðila safnsins við frekari þróun hugmyndaárinnar.

Miðað við þann fjölda sem nú þegar sækir náttúrutengdar sýningar í Þingeyjarsýslu á hverju ári er óhætt að reikna með að milli 30 og 40 þúsund gestir myndu sækja sýningar hins nýja náttúruminjasafns á starfsárinu 2010 verði þeim hugmyndum sem hér eru settar fram fylgt eftir.

### 5.3 Ávinningur

Fyrir Náttúruminjasafn Íslands

- Lögbundin markmið safnsins uppfyllt með sóma strax á árinu 2010.
- Faglegur styrkur fyrir lágmarks tilkostnað.

Fyrir ríkissjóð/þjóðina

- Afar hagkvæmur kostur við rekstur/stofnun – ENGIN nýbyggingarþörf í fyrstu skrefum.
- Einu af þremur höfuðsöfnum þjóðarinnar komið í sterkan, faglegan farveg til framtíðar.
- Úrlausn langvarandi vanda og vandræða við rekstur Náttúruminjasafns Íslands.
- Raunhæf og sterk aðgerð í atvinnumálum landsbyggðar með lágmarksumróti.

- Hvert landsvæði eða staður fær tækifæri til að vinna með sína styrkleika og efla þá starfsemi sem þegar er til staðar í sýningar- og rannsóknarstarfsemi.

*Fyrir Þingeyjarsýslu og önnur svæði*

- Efling safna og –sýningastarfsemi innan héraðs.
- Efling rannsóknastofnana og samstarfs þeirra innan og utan héraðs.
- Atvinnusköpun í héraði, sem byggir á styrkleikum og innviðum svæðisins.

Alþingi  
Erindi nr. P 139/1626  
komudagur 9. 3. 2011



**FÍN**  
Félag íslenskra  
náttúrufræðinga

Menntamálanefnd Alþingis  
Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 8. mars 2011

**Efni: Umsögn til tillögu þingsályktunar um uppbyggingu Náttúrugripasafn Íslands á Selfossi, 283.mál.**

Félagi íslenskra náttúrufræðinga barst bréf frá Menntamálanefnd Alþingis dagsett 7. mars 2011 þar sem óskað er eftir að félagið veiti umsögn um þingsályktunartillögu um uppbyggingu Náttúrugripasafn Íslands á Selfossi, 283.mál..

FÍN gerir ekki athugasemdir við þessa þingsályktunartillögu.

Virðingarfyllst,

f.h. Félags íslenskra náttúrufræðinga

Páll Halldórsson, formaður FÍN

Alþingi  
Erindi nr. P 139/1799  
komudagur 28. 3. 2011

Reykjavík 25. mars 2011

Nefndarsvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

#### UMSÖGN FÉLAGS ÍSLENSKRA SAFNAFRÆÐINGA

Félag íslenskra safnafræðinga hefur fengið til umsagnar tillögu til þingsályktunar um uppbyggingu Náttúrugripasafns Íslands á Selfossi, 283. mál.

Félagið bendir á að til eru lög um Náttúruminjasafn Íslands, lög nr. 35 27. mars 2007. Tillaga til þingsályktunar um uppbyggingu Náttúrugripasafns Íslands á Selfossi veur því spurningar.

Málinu til stuðnings vísa flutningsmenn tillögunnar til staðfestingar núverandi forstöðumanns Náttúrufræðistofnunar um að „staðsetning Náttúrugripasafns Íslands þurfi ekki að vera í neinu tengd staðsetningu Náttúrufræðistofnunar þótt uppbygging Náttúrugripasafnsins sjálfs yrði að sjálfsögðu í fullri samtengingu og samráði við Náttúrufræðistofnun.“

Félag íslenskra safnafræðinga er þessu algjörlega ósammála og bendir á að í skilgreiningu Alþjóðaráðs safna/ICOM á safni kemur fram að rannsóknir séu einn af grunnþáttum safns og safnastarfs; „Söfn eru stofnanir með fastan rekstur sem ekki eru reknar til ágóða heldur til þjónustu við samfélagið og til framgangs þess, eru opnar almenningi og safna til sín efnislegum heimildum, viðhalda, rannsaka, miðla og sýna, til menntunarauka eða ánægju, það sem til vitnis er um fólk og umhverfi þess, hvort tveggja hið sýnilega og hið ósýnilega.“

Eðli málsins samkvæmt er farsælast að allir grunnþættir safnastarfsins fari fram innan Náttúruminjasafns Íslands. Að álitum félagsins er eðlilegast að sýningarhúsnæði verði byggt á sama stað og í tengslum við Náttúrufræðistofnun, þannig að rannsóknarþátturinn sameinaðist Náttúruminjasafni Íslands enda er gengið út frá því að hluti gripa Náttúrufræðistofnunar verði hafður til sýnis í Náttúruminjasafni Íslands.

Staðsetning Náttúruminjasafns Íslands þar sem glæsileg bygging Náttúrufræðistofnunar stendur nú í Urriðaholti myndi auðvelda aðgengi fjölda nemenda að safnkostinum og styðja jafnframt við þá uppbyggingu sem átt hefur sér stað á svæðinu. Stutt er einnig í einstæða náttúru.

Grunnhlutverk safnsins er að fræða Íslendinga um náttúruna en erlendir ferðamenn ættu einnig auðvelt með að koma í safnið á leið til eða frá Keflavíkurlflugvelli.

Félag íslenskra safnafræðinga styður þá hugmynd sem fram kemur í umræddri tillögu til þingsályktunar, að skipuð verði nefnd af Mennta- og menningarmálaráðuneytinu til að huga að fram-tíðarlausn þessa máls og bendir á að endurskoða þarf lög um Náttúruminjasafn Íslands og Náttúrufræðistofnun.

Virðingarfyllst,  
f.h. Félags íslenskra safnafræðinga

Rakel Pétursdóttir, formaður



Alþingi  
Erindi nr. P 139/1780  
komudagur 23.3.2011



Alþingi  
Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Garðabæ, 18. mars 2011  
Tilvísun: 2011030066/000.2

**Efni: Umsögn Garðabæjar um tillögu til þingsályktunar um uppbyggingu náttúrugripasafns á Selfossi 283. mál, þingskjal 326.**

Bæjarstjórn Garðabæjar barst beiðni frá nefndasviði Alþingis, dags. 7. mars 2011 um umsögn um ofangreint mál.

Bæjarstjórn Garðabæjar fagnar því að lögð hefur verið fram tillaga til þingsályktunar um uppbyggingu Náttúrugripasafns Íslands en gerir athugasemd við tilgreinda staðsetningu safnsins á Selfossi.

Eins og fram kemur í þingsályktunartillögunni tók Náttúrufræðistofnun Íslands til starfa í nýju húsnæði í Urriðaholti í Garðabæ fyrir skömmu, nánar tiltekið í október 2010. Aðstaða stofnunarinnar er til fyrirmyndar í nýja húsnæðinu ekki síst hvað varðar geymslu gripa í safnskálum sem uppfylla strangar öryggiskröfur og eru m.a. rykþéttir með nákvæmum loftræsti-, hita- og rakastýribúnaði. Forstjóri og starfsfólk stofnunarinnar hafa lýst yfir sérstakri ánægju með nýja aðstöðu sem var alger bylting frá því sem stofnunin hafði búið við frá upphafi. Garðabær og Urriðaholt ehf. sem er eigandi landsins hafa lýst yfir vilja til þess að Náttúruminjasafnið komi í Urriðaholt í kjölfarið og tilgreint lóð við hlið stofnunarinnar sem æskilegan stað fyrir safnið. Komið hefur fram hjá forstjóra Náttúrufræðistofnunar, Jóni Gunnari Ottosyni að honum lítist vel á þá hugmynd. Urriðaholt ehf. hefur þegar látið teikna tillögu að sýningarhúsnæði fyrir Náttúruminjasafn. Hægt væri að hefja framkvæmdir með litlum fyrirvara, enda er lóðin tilbúin og skipulag frágengið.

Í lögum um Náttúruminjasafn Íslands 35/2007 kemur fram að Náttúrufræðistofnun Íslands sé vísindalegur og faglegur bakhjarl Náttúruminjasafnsins og að stofnanirnar skuli hafa með sér náið samstarf skv. sérstöku samkomulagi þar um. Einnig er gert ráð fyrir að vísindasöfn Náttúrufræðistofnunar séu ásamt safnkosti Náttúruminjasafnsins undirstaða fræðslu- og sýningarstarfsemi safnsins. Af þessu má ljóst vera að gríðarlegt hagræði verði af því að þessar stofnanir séu í næsta nágreppi hvora við aðra, bæði hvað varðar samvinnu starfsfólks og umsýslu safngripa. Auk þess byði nálægðin upp á mun fjölbreyttari sýningar en ef safnið væri staðsett annars staðar.

Bæjarstjórn Garðabæjar vill jafnframt vekja athygli á mikilvægi þess að við uppbyggingu Náttúruminjasafns verði sýndur sami metnaður og framsýni og raunin var með byggingu Náttúrufræðistofnunar. Tryggt verði að húsnæðið uppfylli þau skilyrði sem gerð eru til slíkra stofnana enda eru í safnkosti safnsins margir mjög dýrmætir gripir.

Hverfið Urriðaholt í Garðabæ var frá upphafi skipulagt með umhverfissjónarmið að leiðarljósi. Í hverfinu sjálfu og umhverfi þess er einstök náttúra, m.a. Urriðavatn og Heiðmörk. Engu að síður er Urriðaholt vel staðsett á höfuðborgarsvæðinu með greiðum umferðartengingum til allra átta. Í skipulagi hverfisins er unnið með forsendur sjálfbærrar þróunar og stefnt að því að Urriðaholt skari





**GARÐABÆR**

www.gardabaer.is

fram úr í umhverfismálum. Þótt uppbygging hverfisins hafi tafist vegna aðstæðna í þjóðfélaginu hefur í engu verið slakað á þeim kröfum sem gerðar eru í skipulagi þess og varða umhverfisvernd. Áherslur hverfisins fara því einkar vel saman við starfsemi Náttúrufræðistofnunar og Náttúruminjasafns Íslands og gæti skapast þar gagnlegt og skemmtilegt samstarf.

Meirihluti gesta í náttúrugripasöfnum eru skipulagðir hópar skólafólks og ferðamanna sem koma með rútum og því er Urriðaholt með sínar góðu tengingar við Reykjanesbrautina t.d. góður kostur fyrir slíkt safn. Á opnu húsi sem haldið var í Náttúrufræðistofnun laugardaginn 5. mars sl. komu yfir 5000 manns í heimsókn þrátt fyrir aftakaveður. Það undirstrikar bæði góða staðsetningu í Urriðaholti og þá þörf sem er á sýningarstöðu fyrir náttúrugripi.

Samantekt:

Bæjarstjórn Garðabæjar leggur til að Náttúruminjasafni Íslands verði valinn framtíðarstaður í Urriðaholti við hlið Náttúrufræðistofnunar Íslands.

Rök:

1. Mikið hagræði er af því að stofnanirnar séu á samliggjandi lóðum. Í lögum er kveðið á um náð samstarf þeirra á milli og að Náttúrufræðistofnun sé bakhjarl Náttúruminjasafns.
2. Nálægð stofnananna einfaldar mjög umsýslu safngripa og býður upp á fjölbreyttara sýningarhald.
3. Mikilvægt er að horfa til framtíðar við uppbyggingu Náttúruminjasafns og tryggja að húsnæðið uppfylli þær kröfur sem gerðar eru til húsnæðis þar sem verðmætir safngripir eru sýndir.
4. Í Urriðaholti er skipulagið unnið með náttúruvernd að leiðarljósi og gert ráð fyrir að skólar hverfisins verði í fremstu röð í þróun umhverfisvænna skóla.
5. Náttúra hverfisins og umhverfis þess eykur enn á gildi náttúruminjasafns og auðveldar safninu að miðla fræðslu og upplýsingum á lifandi hátt.
6. Urriðaholt er vel staðsett í miðju höfuðborgarsvæðisins og þar er greiðfært í allar áttir.


**Samþykkt í bæjarstjórn 17. mars 2011.**

Virðingarfyllst

Gunnar Einarsson  
bæjarstjóri

Samrit sent:  
Menntamálaráðherra  
Þingmönnum Suðvesturkjördæmis

Alþingi  
Erindi nr. P 139/1795  
komudagur 22.3.2011



**HAFNARFJÖRÐUR**

Hafnarfjörður 22. mars 2011  
málsnr. 1103135

Nefndarsvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík.

### Umsögn vegna uppbyggingar Náttúrugripasafns Íslands á Selfossi.

Hafnarfjarðarbæ hefur borist tölvupóstur frá nefndarsviði Alþingis dags. 7. mars 2011 þar sem óskað er eftir umsögn Hafnarfjarðarbæjar um tillögu til þingsályktunar um uppbyggingu Náttúrugripasafns Íslands á Selfossi.

Hafnarfjarðarbær fagnar því að hugmyndir um Náttúrugripasafn skuli vera til umræðu á alþingi.

Hins vegar skal það ósagt látið hvort að Selfoss sé rétti staðurinn fyrir slíkt safn. Það getur bæði verið kostnaðarsamt og flókið að koma leikskóla- og skólabörnum á höfuðborgarsvæðinu til Selfoss til þess að skoða safnið.

Þó svo að Selfoss sé í þjóðbraut er það álit okkar að staðsetningin sé ekki heppileg. Það er því vinsamleg ábending að höfuðborgarsvæðið sé ákjósanlegri fyrir slíkt safn því flestar ferðir ferðamanna um landið hefjast í Reykjavík.

Berglind Guðmundsdóttir

Fh. Skipulags- og byggingarsviðs,

**Berglind Guðmundsdóttir**

Landslagsarkitekt fela  
Skipulags- og byggingarsvið Hafnarfjarðar

Strandgata 6 | 220 Hafnarfjörður  
Sími 585 5619 | GSM 664 5619

[www.hafnarfjordur.is](http://www.hafnarfjordur.is)

Alþingi  
Erindi nr. P 139/1832  
komudagur 29. 3. 2011



**HÍN ÍSLENSKA NÁTTÚRUFRAEÐIFÉLAG – HÍN**  
Hamraborg 6a, 200 Kópavogi  
www.hin.is

28.3.2011

HÍN íslenska náttúrufræðifélag HÍN, hefur fengið til umsagnar tillögu til þingsályktunar um uppbyggingu Náttúrugripasafns Íslands á Selfossi, 283 mál. Stjórn félagsins vill að því tilefni gera eftirfarandi athugasemdir.

Eitt aðalbaráttumál HÍN er og hefur lengi verið það að stjórnvöld hrindi í framkvæmd uppbyggingu á húsnæði og sýningaraðstöðu fyrir Náttúruminjasafn Íslands á höfuðborgarsvæðinu þannig að sæmi íslenskri þjóð, gestum hennar og sérstæðri náttúru landsins. Í samræmi við lög um Náttúruminjasafn Íslands frá 17. mars 2007, sem fela í sér að það verði eitt af höfuðsöfnum þjóðarinnar við hlið Þjóðminjasafns Íslands, Listasafns Íslands og fleiri safna telur HÍN einsýnt að safnið hafi aðalstöðvar á höfuðborgarsvæðinu, í námunda við önnur höfuðsöfn landsins og sé í nánum tengslum við háskólaumhverfið og aðrar stórar rannsóknastofnanir sem sýsla með náttúru landsins.

Stjórn HÍN fagnar þeim áhuga og skilningi sem flutningsmenn tillögunnar um Náttúrugripasafn Íslands á Selfossi sýna á nauðsyn þess að komið verði á fót höfuðsafni í Náttúrufræðum og getur tekið undir margt í tillögu þeirra. Óskandi væri að þingmenn höfuðborgarinnar hefðu sama metnað fyrir hönd síns kjördæmis. Minna má á að mörg bæjarfélög önnur hafa sýnt þessu málefni áhuga og boðið fram húsnæði og ýmis hlunnindi. Má þar nefna Húsavík, Sauðárkrók og Garðabæ. Allt er þetta þakkarvert. Stjórn HÍN vill hins vegar gera úrslitartilraun í þá veru að knýja á um byggingu safnsins í Reykjavík og minnir á að í deiliskipulagi höfuðborgarinnar er sérstök lóð eyrnamerkt fyrir þessa starfsemi. Hún er í Vatnsmýri nálægt Öskju, náttúrufræðihúsi HÍ, og uppfyllir þau skilyrði sem fram koma í stefnu HÍN gagnvart Náttúruminjasafni. Þrátt fyrir merkingar á skipulagsuppdráttum hefur staða þessarar lóðar verið í óvissu og stjórnáramenn hafa reynt að ráðstafa henni til annars konar starfsemi.

HÍN hefur farið þess á leit við mennta- og menningarmálaráðherra að nú þegar verði gerðar kröfur sem fela í sér endurheimt lóðarinnar í Vatnsmýri með það að markmiði að hún verði á ný ótvírætt sá staður sem Náttúruminjasafni er ætlaður. Reynist þessi leið ófær verði þegar hafinn undirbúningur að því að finna lóð undir safnhús sem tengst geti miðborg Reykjavíkur og háskólaumhverfinu með jafn ákjósanlegum hætti. HÍN leggur áherslu á að þetta þjóðþrifamál fái farsælan framgang og meðan ekki er fullreynt um að safnið risi í miðborg Reykjavíkur styður félagið ekki hugmyndir um aðra staði.

*Árni Hjartarson, formaður HÍN*

Alþingi  
Erindi nr. P 139/1800  
komudagur 28.3.2011

Nefndasvið Alþingis

Kópavogur 27. mars 2011

Austurstræti 8-10


150 Reykjavík

**Umsögn KMSK um tillögu til þingsályktunar um uppbyggingu Náttúrugripasafns Íslands á Selfossi. N139. Þskj. 326 — 283. mál.**

KMSK fagnar því að fram sé komin tillaga um uppbyggingu á Náttúrugripasafni á Íslandi og telur slíkt safn vera til mikilla hagsbóta fyrir allan almenning á Íslandi, ferðamenn og ekki síst fyrir fyrir kennslu í náttúrufræðigreinum á öllum skólastigum á Íslandi. KMSK leggur jafnframt til að við uppbyggingu á slíku safni verði litið til þeirra safna erlendis, sem eru gagnvirk og lifandi.

KMSK telur hins vegar að slíkt safn skuli fremur byggt upp á höfuðborgarsvæðinu, þar sem á höfuðborgarsvæðinu búa flestir landsmenn og þar muni það nýtast betur bæði fyrir allan almenning og nemendur á öllum skólastigum.

Virðingarfyllst.



Sigurður Haukur Gíslason

Formaður KMSK (Kennarafélag Mosfellsbæjar, Seltjarnarness og Kópavogs)

Alþingi  
Erindi nr. P 139/2008  
komudagur 12.4.2011



MOSFELLSBÆR  
MENNINGARSVIÐ  
7. apríl, 2011

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík


Efni: Umsögn um þingsályktunartillögu um uppbyggingu  
Náttúrugripasafns.

Eðlilegt er að Mosfellsbær taki undir að óeðlilegt og ófært sé að ekkert Náttúrugripasafn skuli vera á Íslandi, m.a. vegna náttúrulífs og jarðfræði og sérstöðu landsins. Slíkt safn myndi einnig þjóna mikilvægu hlutverki í uppbyggingu ferðaþjónustu. Staðsetning slíks safns skiptir því miklu máli og geta má þess að nágrannabyggðir höfuðborgarinnar hafa mjög farið varhluta af uppbyggingu og stuðningi ríkisins þegar kemur að ferðaþjónustu.

Mosfellsbær ætti að styðja að skipuð verði nefnd til þess að kanna lausn á þessu máli til árangurs. Í því sambandi er lagt til að nefndinni verði jafnframt falið að skoða Mosfellsbæ sem kost til að hýsa væntanlegt Náttúrugripasafn Íslands.

Myndi uppbygging Náttúrugripasafnsins að sjálfsgöðu einnig unnið í fullri samtengingu og samráði við langþráða Náttúrufræðistofnun sem risin er í Garðabæ. Bent er á að Mosfellsbær var annað þeirra sveitarfélaga sem kom til álita sem ákjósanlegur staður fyrir uppbyggingu Náttúrugripasafns.

Jafnframt vill Mosfellsbær benda á að í skoðun er að byggja villidýrasafn í Mosfellsbæ og myndu verkefnið styðja hvort annað. Villidýrasafnið er safn tuga uppstoppaðra dýra frá þremur heimsálfum: Afríku, Evrópu og Norður-Ameríku. Markmiðið með villidýrasafninu er að bjóða upp á fræðslu um þau dýr sem þar eru til sýnis og það umhverfi sem þau koma úr.

  
Kveðja  
fyrir hönd bæjarráðs Mosfellsbæjar  
Fræðslu- og menningarsvið  
MOSFELLSBÆR  
Björn Þráinn Þórðarson  
framkvæmdastjóri menningarsviðs  
Mosfellsbær





**Náttúrufræðistofa Kópavogs**  
Natural History Museum of Kópavogur  
www.natkop.is - natkop@natkop.is

*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 139/2013*  
*komudagur 13.4.2011*

Kópavogi, 4. apríl 2011.

Skrifstofa Alþingis, nefndasvið  
Sigrún Helga Sigurjónsdóttir ritari  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

**Varðar:** Umsögn um tillögu til þingsályktunar um uppbyggingu Náttúrugripasafns Íslands á Selfossi, ~~298. mál.~~ 283. mál/

Vísað er í beiðni Menntamálanefndar Alþingis (tölvupóstur frá ritara nefndasviðs Alþingis dags 7.3.2011) um umsögn Náttúrufræðistofu Kópavogs við framangreinda þingsályktunartillögu.

#### *Athugasemdir*

Áhuga flutningsmanna tillögunnar um byggingu náttúrugripasafns er fagnað og tekið heilshugar undir með þeim um að það sé með ólíkindum að höfuðsafn þjóðarinnar í náttúrufræðum, Náttúruminjasafn Íslands sem stofnað var til með lögum árið 2007, skuli ekki hafa yfir að ráða sýningaraðstöðu sem hæfir málefnum. Hér er á ferð um 122 ára gamalt baráttumál Hins íslenska náttúrufræðifélags (www.hin.is), en félagið var stofnað árið 1889 með það að markmiði m.a. að koma upp náttúrugripasafni fyrir þjóðina í Reykjavík.

Það er mat undirritaðs að Náttúruminjasafn Íslands sé, eins og gildir um hin tvö höfuðsöfn þjóðarinnar, Þjóðminjasafn Íslands og Listasafn Íslands, langbest í sveit sett á höfuðborgarsvæðinu. Að baki þessu mati liggja bæði fagleg rök og rekstrarleg. Mjög brýnt er að Náttúruminjasafn Íslands sé í nánnum tengslum við helstu stofnanir á sviði náttúrufræða og umhverfismála, einkum Náttúrufræðistofnun Íslands og háskólaumhverfið. Þá ræður úrslitum að rekstrarlegar forsendur með hliðsjón af heimsóknum gesta allt árið um kring, jafnt Íslendingum sem útlendingum, eru langbestar með staðsetningu höfuðsafnsins á höfuðborgarsvæðinu. Staðsetning höfuðsafnsins á höfuðborgarsvæðinu tryggir hámarks skilvirkni m.t.t. upplýsingamiðlunar sem er afar mikilvægt í jafn mikilvægum málaflokki og hér um ræðir.

Í stofnskjali Hins íslenska náttúrufræðifélags frá júlí 1889 segir að félagið stefni að því að náttúrugripasafn fyrir þjóðina rísi í Reykjavík. Samkvæmt ályktun á síðasta aðalfundi félagsins þ. 26. febrúar 2011 er ítrekaður sá rúmlega aldargamli vilji að höfuðsafn þjóðarinnar í náttúrufræðum rísi á höfuðborgarsvæðinu. Í þessu samhengi skal minnt á að í deiliskipulagi Reykjavíkurborgar er lóð í Vatnsmýri, nálægt Öskju húsi náttúrufræða í Háskóla Íslands, merkt fyrir starfsemi náttúrufræðisafns.

Það er óskandi að þingmenn landsins alls fylki sér á bak við þá ríflega aldargömlu sýn Hins íslenska náttúrufræðifélags að upp rísi á höfuðborgarsvæðinu glæsileg og nýstárleg sýningaraðstaða sem hæfir Náttúruminjasafni Íslands, höfuðsafni þjóðarinnar í náttúrufræðum. Ef skynsamlega er að verki staðið er hér á ferð einstaklega áhugavert tækifæri á sviði nýsköpunar og upplýsingatækni – ábátasamt tækifæri sem snýr að náttúrufræðikennslu og affreyningu fyrir Íslendinga á öllum aldri og mörg hundruð þúsund erlenda ferðamenn sem sækja landið heim fyrst og fremst vegna náttúrunnar og sögunnar.

Vakin er athygli á því að í þingsályktunartillögunni er ranglega farið með heitið á Náttúruminjasafni Íslands og það kallað „Náttúrugripasafn Íslands“. Þá er ranglega farið með heitið á Hinu íslenska náttúrufræðifélagi og það kallað „Náttúrufræðifélag Íslands“. Jafnframt er ranglega staðhæft að félagið hafi verið stofnað „í þeim eina tilgangi að koma á laggirnar Náttúrugripasafni Íslands.“ Um tilgang félagsins allt frá stofnun þess fyrir hartnær 122 árum má lesa í 2. og 3. grein laga félagsins:

„2. grein.


Tilgangur félagsins er að efla íslensk náttúruvísindi, glæða áhuga og auka þekkingu manna á öllu, er snertir náttúrufræði.

3. grein.

Þessum tilgangi leitast félagið við að ná með því:

- a. Að stuðla að vexti og viðgangi Náttúrugripasafnsins.
- b. Að beita sér fyrir því, að haldnir séu fræðandi fyrirlestrar um náttúrufræðileg efni og farnar séu ferðir til náttúruskoðunar.
- c. Að gangast fyrir útgáfu náttúrufræðilegra rita.
- d. Að vinna að eflingu náttúruverndar.“

Virðingarfyllt,



Dr. Hilmar J. Malmquist forstöðumaður

Alþingi  
Erindi nr. P 139/1801  
komudagur 28.3.2011

Nefndasvið Alþingis  
Menntamálanefnd  
Alþingi v/Austurvöll  
150 REYKJAVÍK

Garðabær, 24. mars 2011  
2011030008/42-1-3  
TB  
jgo/tb

### Tillaga til þingsályktunar um uppbyggingu Náttúrugripasafns Íslands á Selfossi í Árborg, 283. mál

Vísað er til tölvupósts / bréfs frá menntamálanefnd Alþingis, dags. 7. mars sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands á tillögu til þingsályktunar um að Alþingi álykti að fela mennta- og menningarmálaráðherra að hefjast nú þegar handa við uppbyggingu Náttúrugripasafns Íslands á Selfossi í Árborg.

Náttúrufræðistofnun Íslands tekur undir þau sjónarmið að það sé óviðunandi að ekki sé til fullburða sýningaraðstaða til að varpa ljósi á náttúru Íslands, náttúrusögu landsins, nýtingu náttúruauðlinda og náttúruvernd, auk þess að varpa ljósi á samspil manns og náttúru og á náttúru landsins í alþjóðlegu samhengi sbr. hlutverk Náttúruminjasafns Ísland samkvæmt lögum nr. 35/2007. Til að sinna framangreindu hlutverki svo vel sé þarf í litlu þjóðfélagi eins og Íslandi að nýta alla möguleika sem fyrir eru á sem hagkvæmastan hátt. Náttúrufræðistofnun Íslands býr yfir stóru vísinda- og náttúrugripasafni (ekki sýningarsafni) sem núna er geymt við bestu aðstæður. Stofnunin mun halda áfram í samræmi við lagalegt hlutverk sitt að safna vísindalegum gögnum og náttúrugripum og þróa vísindasafnið. Þannig getur stofnunin best sinnt því hlutverki sem henni ber sem vísindalegur og faglegur bakhjarl Náttúruminjasafns Íslands og orðið m.a. undirstaða að fræðslu- og sýningarstarfsemi safnsins og annarra náttúrugripasafna samkvæmt samkomulagi sem gert er hverju sinni sbr. framangreind lög. Það má ekki gleymast í þessu sambandi að þjóðin öll ber kostnað af vísindasafninu og hefur því rétt til að geta notið þess eins og kostur er hvar sem er á landinu. Náttúrufræðistofnun Íslands lánar nú þegar söfnum víða um land ýmsa gripi.

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur látið þá skoðun í ljós að náttúruminjasafn / náttúrugripasafn þurfi ekki að vera í sama húsakosti eða beint tengd við staðsetningu stofnunarinnar þótt uppbygging náttúruminjasafns / náttúrugripasafns ætti að sjálfsgöðu að vera í fullri samtengingu og samráði við Náttúrufræðistofnun. Stofnunin telur þó af mörgum ástæðum (mannsfjöldi, fjárhagsleg hagkvæmni, tengsl milli ólíkra vísindasafna o.s.frv.), að hentugt sé að höfuðsafn náttúruminja / náttúrugripa sé á höfuðborgarsvæðinu. Þetta útilokar þó alls ekki með nokkrum hætti að reka önnur náttúruminjasöfn víða á landinu. Einnig getur tækni auðveldað að hafa allskyns sýningar með ólíkum miðlum víða. Á það hefur verið bent að það eru lausar lóðir til að byggja náttúruminja-, eða náttúrugripasafn nærri núverandi







staðsetningu Náttúrufræðistofnunar. Þótt þetta sé augljós kostur þarf að meta hann út frá mörgum hliðum eins og aðra kosti og í samræmi við stefnumörkun á þessu sviði.

Náttúrufræðistofnun Íslands telur afar mikilvægt að myndarlega sé staðið að eflingu náttúruminjasafns og velja verður húsnæði sem hentar starfseminni. Stofnunin varar hins vegar við tvíverknaði hvað varðar öflun, geymslu og nýtingu/rannsóknnum á gögnum/náttúrugripum í vísindasöfnum almennt. Náttúrufræðistofnun hefur eins og áður segir myndarlega aðstöðu fyrir vísindasafn og vaðveislur þess og náttúrugripa og er það þjóðinni til sóma. Það er vert að minna á að ekki má rugla saman vísindasafni og miðlun vísindalegrar þekkingu til almennings. Þegar miðla á þekkingu verður að undirbúa það bæði fræðilega og út frá hugmyndafræði sem unnið er eftir hverju sinni og þá ákveða hvað á að sýna og með hvaða hætti. Samvinna milli Náttúrufræðistofnunar og þeirra sem miðla vísindalegri þekkingu mundi því byggjast á því hvað Náttúrufræðistofnun getur lagt til af þekkingu eða gögnum úr vísindasöfnum stofnunarinnar hverju sinni, lánað þá til lengri eða skemmri tíma eða útvegað nýja gripi samkvæmt samkomulagi. Það verður þó alltaf að gæta að því að fræðilegt gildi vísindasafns rýrni ekki. Náttúrufræðistofnun ítrekar að það verður að horfa til fjárhagslegrar getu þjóðfélagsins á þessu sviði og samnýta gögn eins og hægt er því iðulega er verið að sækja fjármagn á þessu sviði í „sama“ pottinn. Vísindasafn Náttúrufræðistofnunar Íslands er öllum aðgengilegt til rannsókna og til notkunar eftir þeim reglum sem gilda um umgengni við safnið.

Virðingarfyllst



Guðmundur Guðmundsson  
forstöðumaður safna- og flokkunarfræði



Trausti Baldursson





NÁTTÚRUMINJASAFN ÍSLANDS  
ICELANDIC MUSEUM OF NATURAL HISTORY

Alþingi  
Erindi nr. P 139/1833  
komudagur 29. 3. 2011

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 28. mars 2011  
NMSI 2011.026

Erindi: Umsögn um þingsályktunartillögu um uppbyggingu Náttúrugripasafns Íslands á Selfossi

Meðfylgjandi er umsögn Náttúruminjasafns Íslands um þingsályktunartillögu er varðar uppbyggingu Náttúruminjasafns Íslands á Selfossi, 283. mál. Beiðni nefndasviðs Alþingis um umsögn barst í tölvupósti 7. Mars 2011.

Helgi Torfason, safnstjóri Náttúruminjasafns Íslands

## Umsögn Náttúruminjasafns Íslands um tillögu til þingsályktunar um uppbyggingu Náttúrugripasafns Íslands á Selfossi.

139. löggjafarþing 2010–2011. Þskj. 326 — 283. mál. Tillaga til þingsályktunar:

*Alþingi ályktar að fela mennta- og menningarmálaráðherra að heffast nú þegar handa við uppbyggingu Náttúrugripasafns Íslands á Selfossi í Árborg.*

Óhætt er að taka undir þau orð í tillögu til þingsályktunar sem lúta að því hversu furðulegt það sé að Náttúruminjasafn Íslands hafi ekki verið meiri sómi sýndur en raun ber vitni. Þakkar safnið flutningsmönnum tillögunnar áhuga þeirra á málinu.

Áður en lengra er haldið er bent á eftirfarandi staðreyndir:

1. Safnið heitir Náttúruminjasafn Íslands en ekki Náttúrugripasafn Íslands skv. lögum nr. 35/2007. Safnið er höfuðsafn á sviði náttúrufræða á Íslandi.
2. Náttúruminjasafn Íslands er til og þar vinna 3-5 starfsmenn, aðsetur er að Brynjólfsgötu 5, 107 Reykjavík.
3. Uppbygging safnsins hófst árið 2007 er það var sett á stofn með lögum nr. 35/2007 og því hefur mennta- og menningarmálaráðherra þegar hafist handa við að byggja safnið upp.
4. Árið 1889 var “Hið íslenska náttúrufræðifélag” stofnað í Reykjavík – félagið heitir ekki “Náttúrufræðifélag Íslands”.
5. Það er rangt að markmiði HÍN um stofnun náttúrugripasafns hafi ekki verið náð. Félagið rak vissulega safn í Reykjavík, allt frá árinu 1890, þótt lítið væri að vöxtum í fyrstu. Árið 1908 flutti safnið í Safnahúsið við Hverfisgötu (Þjóðmenningarhúsið) og var þar rekið safn og þar voru opnir sýningarsalir allt til ársins 1960. Safnið var gefið ríkinu 1947. Sýningar voru síðan á Hlemmi 1967-2008, hin síðari ár var þeim haldið opnum af Náttúrufræðistofnun, en af litlum metnaði enda var það ekki hlutverk þeirra eftir lagabreytingar 1992 að sinna slíkri starfsemi.
6. Náttúrufræðistofnun Íslands er rannsókn- og fræðastofnun og starfar undir umhverfisráðherra og er ekki safn (museum). Náttúruminjasafn Íslands starfar undir mennta- og menningarmálaráðherra og er fullfær um að svara til um sín mál. Erfitt er að sjá forsendur þess að vera yfirleitt að minnst á Náttúrufræðistofnun Íslands í sambandi við Náttúruminjasafnið, stofnanirnar eru ótengdar og varðandi rekstur koma þær hvor annarri ekkert við. Forstjóri Náttúrufræðistofnunar er ekki í forsvari fyrir Náttúruminjasafn Íslands og hefur ekkert með málefni þess að gera. Það er enn fremur lítil kurteisni af forstjóra NÍ að svara til um málefni safnsins fremur en vísa þeim til safnsins sjálfs.

Það er fráleitt að staðsetja höfuðsafn, á hvaða sviði sem er, úti á landi. Staðsetning höfuðsafns á að vera í höfuðborg landsins því þar búa flestir landsmenn, þar eru höfuðstöðvar stjórnsýslu, mennta- og menningar en söfn reiða sig mikið á gott og náið samstarf við þessa aðila í daglegum störfum sínum.

Í lögum um Náttúruminjasafnið segir í 2.gr:

*Náttúruminjasafnið safnar munum sem henta starfsemi þess, skráir þá og varðveitir. Safnið aflar upplýsinga sem veita yfirlit yfir náttúru Íslands og nýtingu náttúruauðlinda innan lands og utan og annast kynningu með sýningum og annarri fræðslustarfsemi með það að markmiði að veita sem víðtækasta sýn á íslenska náttúru. Safnið skal miðla fræðslu um íslenska náttúru til skóla, fjölmiðla og almennings. Safnið annast rannsóknir á starfssviði sínu.*

*Náttúruminjasafn Íslands veitir öðrum náttúruminjasöfnum ráðgjöf, stuðlar að samvinnu þeirra hér á landi og vinnur að samræmdri safnastefnu á sviði náttúrufræða.*

*Náttúruminjasafnið skal eiga samstarf við vísinda- og rannsóknastofnanir á sviði náttúrufræða á vegum ríkisins og annarra aðila:*

Samkvæmt lögnum er miðlun fræðslu og þekkingar um náttúruna til skóla, almennings og fjölmiðla mikilvægasta hlutverk Náttúruminjasafns Íslands, enda lögð sérstök áhersla á það í skýringum með frumvarpi laganna. Hvorki er minnst á ferðamenn í lögnum eða í greinargerð, þótt vissulega sér gert ráð fyrir þeim í uppbyggingu safnsins – en þeir eru

ekki forgangshópur. Náttúruminjasafn Íslands er safn (museum) en ekki gestastofa eða sýning. Bent er á safnalög 106/2001 í því sambandi. Ferðamenn verða vonandi stór hópur gesta safnsins en meginhlutverk þess liggur í fræðlustarfi fyrir íslenska nemendur og almenning.

Á höfuðborgarsvæðinu búa um 63% landsmanna - þar eru því flestir skólanemendur og þar býr meirihluti almennings (sbr. meðf. töflu). Náttúruminjasafn á Selfossi myndi nýtast illa fyrir skóla í Reykjavík og nágrannabyggðir og fyrir almenning er einfaldlega lengra og dýrara að fara þangað - því færri almenningur sjaldnar að heimsækja safnið. Náttúruminjasafn Íslands miðar framtíðarstarfsemi sína við að gestir komi oftast en einu sinni á safnið, helst oft á ári, og því verður að vera auðvelt að komast þangað fyrir sem flesta. Gestir sem koma t.d. af vestur- og norðurlandi eiga hægara um vik að heimsækja safn í Reykjavík en á Selfossi. Gestafjöldi er sá mælikvarði sem söfn nota almennt til að meta gildi sitt og vinsældir. Enginn vafi er á að fleiri gestir myndu sækja safn í Reykjavík en á Selfossi.

Skólanemendur sem búa úti á landi koma gjarnan til Reykjavíkur til að sækja leikhús, söfn, kappleiki og ýmsar stofnanir. Fyrir flestalla þá nemendur sem koma að austan, norðan og vestan yrði aukinn kostnaður og fyrirhöfn að fara til Selfoss til að heimsækja Náttúruminjasafn Íslands.

Þótt náttúruminjasafn væri byggt upp á Selfossi myndi því samt sem áður vera þörf fyrir náttúruminjasafn í Reykjavík og því enginn sparnaður af því að nota gamalt hótél á Selfossi fyrir safnið. Selfoss er vissulega ágætlega staðsettur á Suðurlandi en þar aka menn yfirleitt í gegn og stoppa lítið. Safn myndi litlu breyta um það. Þá má benda á að jarðskjálftahætta er mun meiri á Selfossi en í Reykjavík.


Sé lítið til annarra landa eru höfuðsöfn ekki aðeins í stærstu borgunum heldur einnig í miðborgum. Þetta á við öll Evrópulönd. Veigamestu ástæður þess eru þær að söfn eru hluti menningar og fræða sem almenningur sækir í frístundum sínum, sem skólar og fræðslustofnanir nota til að sækja þekkingu og fræðslu og ferðamenn heimsækja til að fræðast um viðkomandi land. Að staðsetja höfuðsafnsafn í útjaðri borgar eða í smábæ á Suðurlandi er einfaldlega óskynsamlegt, nýting á safninu þar yrði minni en ef það væri staðsett í Reykjavík.

Einnig er rétt að benda á að það kostar meira fé og tíma að hafa höfuðsafn á Selfossi en í Reykjavík. Aukinn kostnaður yrði t.d. fyrir alla þá starfsmenn sem byggju á höfuðborgarsvæðinu. Sambærilegt dæmi er að margir starfsmenn Náttúrufræðistofnunar Íslands þurfa í dag að fara til og frá vinnu í Urriðaholti í leigubíl (sem ríkið greiðir fyrir ennþá) og er sú stofnun þó innan höfuðborgarsvæðisins, en illa tengd almenningsamgöngum. Einnig yrði mun meiri kostnaður við að sækja fundi og námskeið á höfuðborgarsvæðinu, og einnig fyrir þá sem þurfa að sækja fundi og aðra starfsemi á vegum safnsins. Náttúruminjasafnið er þegar í samvinnu við marga aðila á höfuðborgarsvæðinu HÍ, ÍSOR, Hafró o.fl og myndi sú samvinna skaðast við að safnið flytti á Selfoss og verða dýrari.

Náttúruminjasafn Íslands er best staðsett í miðborg Reykjavíkur, þar er það núna og stefnir að því að vera þar áfram. Fjárveitingar til safnsins eru skammarlega lágar og vonandi veldur umræða um staðsetningu safnsins hækkun á fjárveitingum til þess. Safnið er nauðsynlegur aðili í íslensku samfélagi, mennta- og fræðastofnun sem engin þjóð getur verið án – þ.e.a.s ef hún vill teljast menningarþjóð.

Tafla yfir mannfjölda á Íslandi 1. janúar 2010.

	mannfjöldi	prósent þjóðar
Höfuðborgarsvæði	200.710	63,2
Afg. landsins	93.041	29,3
Suðurland	23.879	7,5
Summa	317.630	100



Alþingi  
Erindi nr. D 139/1992  
komudagur 8.4.2011

safnaráð

the museum  
council  
of iceland

suðurgötu 41  
101 reykjavík  
sími: 530 2216  
fax: 530 2231

www.safnarad.is  
safnarad@safnarad.is

Alþingi - nefndasvið  
Skrifstofa Alþingis  
150 Reykjavík


Reykjavík, 31. mars 2011  
Tilvísun: 1103282alth - RH

Efni: Umsögn um þingsályktunartillögu nr. 283 um uppbyggingu Náttúrugripasafns Íslands á Selfossi.

Safnaráð þakkar bréf menntamálanefndar Alþingis þar sem óskað er umsagnar um þingsályktunartillögu nr. 283 um uppbyggingu Náttúrugripasafns Íslands á Selfossi.

Safnaráð furðar sig á því að ekki virðist vera til staðar þekking þingmanna sem að tillögunni standa á starfandi Náttúruminjasafni Íslands, sem stofnsett var árið 2007 skv. lögum nr. 35 það ár. Náttúruminjasafn Íslands hefur aðsetur í Loftskæptastöðinni að Brynjólfsgötu 5, og hefur forstöðumann, dr. Helga Torfason og einn starfsmann annan. Safnið hlýtur 21 millj. á fjárlögum 2011.

Með vinsemd og virðingu,  
f.h. safnaráðs

  
Rakel Halldórsdóttir,  
framkvæmdastjóri



**SAMTÖK SUNNLENSKRA SVEITARFÉLAGA**

*Alþingi  
Erindi nr. P 139/1794  
komudagur 24.3.2011*

Selfossi, 23. mars 2011  
1010005SA ÞH


**Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8 - 10  
150 Reykjavík**

**Efni: Umsögn SASS um 283. mál**

Á fundi stjórnar SASS, sem haldinn var 18. mars sl., var tekið fyrir erindi frá Alþingi þar sem óskað var umsagnar um tillögu til þingsályktunar um uppbyggingu Náttúrugripasafns Íslands á Selfossi, 283. mál.

Stjórn SASS mælir með samþykkt þingsályktunartillögunnar.

Virðingarfyllst,  
f.h. SASS

  
Þorvarður Hjaltason  
framkvæmdastjóri